



SUMMA

Lykilupplýsingar fjárfesta

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um sjóðinn. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja edli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðnum

Sjóður:	Summa Millilöng Ríkisskuldabréf
Auðkenni:	SUMRIKIS
Kennitala:	590214-9490
ISIN númer:	IS0000024974
Rekstraraðili:	Summa Rekstrarfélag hf.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið:

Langtímamarkmið sjóðsins er að veita tryggja og örugga ávöxtun með fjárfestingum í ríkistryggðum skuldabréfum, þ.e. útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Fjárfestingum sjóðsins er stýrt með virkum hætti en hann styðst ekki við tiltekið viðmið varðandi ávöxtun.

Fjárfestingarstefna sjóðsins:

Sjóðurinn fjárfestir verðtryggðum og óverðtryggðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð ríkisins („ríkistryggðum bréfum“). Meðallíftími skulda- og víxileigna sjóðsins skal vera á bilinu 3-9 ár.

Á grundvelli 38. greinar laga nr. 128/2011 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna ríkistryggðum bréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta allt að 30% af eignum sínum í innlánnum.

Áhætta og ávöxtun



Skýring á áhættumælikvarða:

Varðandi samburð við sjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu er bent á að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áhættuflokkun sem sýnd er hér að ofan er ekki tryggð og gæti breyst. Sjóðurinn fjárfesti fyrst í mars 2015 og hefur því tiltölulega stutta rekstrarsögu. Summa Rekstrarfélag hf. hefur því flokkað sjóðinn í ofangreindan áhættuflokk með tilliti til fjárfestingaheimilda sjóðsins en ekki sögulegra gagna.

Samkvæmt þeirri flokkun fellur sjóðurinn í flokk 3, þ.e. með áhættu rétt fyrir neðan meðallag og vænta

Mikilvægar upplýsingar fyrir fjárfesta:

Hlutdeildarskírteini skuli innleyst að kröfu eigenda miðað við daglegt gengi sjóðsins og helst opnunartími viðskipta við opnunartíma Nasdaq OMX Iceland. Við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað, sjá nánar útboðslýsingu sem nálgast má á www.summa.is.

Arði, vaxtatekjum og öðrum hagnaði af fjármála-gerningum í eigu sjóðsins verður ráðstafað til endurfjárfestinga og þ.a.l. bætt við höfuðstól sjóðsins.

Beiðni um viðskipti er afgreidd á öðrum virkum degi eftir að viðskipti eiga sér stað („t+2“).

Ráðlegging varðandi eignarhaldstíma:

Þessi sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan tveggja ára.

ávöxtun skv. því. Þótt sjóður falli í lægsta áhættuflokk þá er fjárfesting í honum ekki áhættulaus.

Flokkunin eða ávöxtun sjóðsins hingað til tryggir hins vegar ekki ávöxtun eða áhættu sjóðsins til framtíðar auk þess sem flokkunin kann að breytast.

Helstu áhættuþættir sjóðsins:

Flokkunin byggir á mati á sögulegu flökti þeirra eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í. Aðrir þættir sem hafa áhrif á áhættu og ekki er tekið tillit til við matið eru t.d. útlánaáhætta og lausafjáraáhætta en m.v. almenn verðbréf er slík áhætta tiltölulega lítil í tilviki ríkistryggðra bréfa sem eru alla jafna örugg og auðseljanleg. Innlánnum og uppgjöri viðskipta fylgir einnig mótaðilaáhætta og áhætta tengd uppgjörskerfum. Þá býr sjóðurinn við rekstraráhættu, s.s. tengdri vörslu eigna.



SUMMA

Gjöld fyrir sjóðinn

Þau gjöld sem fjárfestir greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingarinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	1 %
Gjald við sölu	0 %
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	1,05%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tilteknar aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Á ekki við.


Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á áætluðum útgjöldum. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Á ársgrundvelli er umsýsluþóknun 1% og önnur gjöld eru áætluð 0,05% af hreinni eign sjóðsins. Undanskilinn er:

- Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna á bls. 11 í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.summa.is.

Fyrri árangur



Sjóðurinn fjárfesti fyrst 19. mars 2015 og því er ekki hægt að gefa upplýsingar um ávöxtun hans fyrir allt árið 2015 eða önnur almanaksár. Til hliðar er sýnd ávöxtun sjóðsins fyrsta starfsár hans eða til 18. mars 2016 en sá árangur er ekki ávísun á framtíðarávöxtun.

Ávöxtunin er nafnávöxtun í íslenskum krónum og við útreikninginn er tekið tillit gjalda og þóknana fjárfestis en ekki gengismunar við kaup og innlausn.

Nánari upplýsingar um ávöxtun sjóðsins eru birtar á heimasíðu rekstrarfélags sjóðsins, www.summa.is.

Hagnýtar upplýsingar

- Íslandsbanki hf., kt. 49100808-0160, er vörslufyrirtæki sjóðsins.
- Frekari upplýsingar um sjóðinn (útboðslýsingu, ársskýrslur o.fl.) aðrar hagnýtar upplýsingar s.s. um nýjasta gengi sjóðsins má nálgast á heimasíðu rekstrarfélags sjóðsins.
- Sjóðurinn er skattaður skv. íslenskri skattalöggjöf. Skattleg heimilisfesti fjárfesta getur skipt máli varðandi skattlagningu viðkomandi aðla.
- Summa Rekstrarfélag getur verið skaðabótaskyldt vegna upplýsinga í skjali þessu sem eru villandi, ónákvæmar eða eru í ósamræmi við útboðslýsingu sjóðsins.
- Sjóðurinn starfar í einni deild og hefur aðskilinn fjárhag í bókhaldi og upplýsingarkerfum rekstrarfélagsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Summa Rekstrarfélag hf. hefur starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þessar lykilupplýsingar eru réttar m.v. 31.05.2016.